



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 17. september 2025
USK24080042

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16.9.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Göngu- og hjólastígar um Ásbraut - Tillaga að nýju deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2025 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 31. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um tillögu, dags. 20. júní 2025, að nýju deiliskipulagi Ásbrautar. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulaginu er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistlegri götummynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum. Einnig er lagt fram minnisblað Kópavogsbæjar, dags. 2. júlí 2025, og minnisblöð VSÓ ráðgjafar um annars vegar fyrirkomulag hjólainnviða, dags. 3. júlí 2025, og hins vegar um bílastæði, dags. 1. júlí 2025. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. ágúst 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. ágúst 2025, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. ágúst 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026



Reykjavík

Kópavogur - Nýtt deiliskipulag Ásbrautar**Viðtakandi:** Kópavogsbær**Sendandi:** Skrifstofa skipulags- og byggingamála

Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2025 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 31. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um tillögu, dags. 20. júní 2025, að nýju deiliskipulagi Ásbrautar. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulaginu er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistlegri götumynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum. Einnig er lagt fram minnisblað Kópavogsbæjar, dags. 2. júlí 2025, og minnisblöð VSÓ ráðgjafar um annars vegar fyrirkomulag hjólainnvíða, dags. 3. júlí 2025, og hins vegar um bílastæði, dags. 1. júlí 2025.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígtengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu.